

## VI. VIÐAUKAR

# Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna (stytt útgáfa fyrir börn)

### 1. grein. Réttur til jafnréttis:

Þið fæðist frjáls og með sömu réttindi og allar aðrar manneskjur. Þið eruð hugsandi verur og getið greint rangt frá réttu. Ykkur ber að koma vel fram við aðra.

### 2. grein. Réttur til að sæta ekki mismunun:

Þið njótið allra mannréttinda án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, skoðana, fjölskyldu-aðstæðna, félagslegrar eða efnahagslegrar stöðu, ætt-ernis eða þjóðernis.

### 3. grein. Réttur til lífs, frelsis og mannhelgi:

Þið eigið rétt til lífsins, til að vera frjáls og örugg.

### 4. grein. Réttur til að vera ekki hneptur í þrældóm:

Enginn á rétt á að koma fram við ykkur eins og þræla og þið skuluð ekki gera neinn að þræl ykkar.

### 5. grein. Réttur til að sæta ekki pyndingum og vanvirðandi meðferð:

Enginn á rétt á að pynda, meiða eða niðurlægja ykkur.

### 6. grein. Réttur til að vera viðurkenndur aðili að lögum:

Þið eigið rétt á að vera hvarvetna viðurkennd sem einstaklingar samkvæmt lögum.

### 7. grein. Réttur til jafnréttis fyrir lögum:

Þið eigið rétt til verndar og jafnréttis fyrir lögum, án hvers kyns mismununar.

### 8. grein. Réttur til athvarfs hjá dómstólum:

Sé brotið á lagalegum rétti ykkar eigið þið rétt á að dómstólar verji réttindi ykkar.

### 9. grein. Réttur til að sæta ekki órökstuddri handtöku eða útleð:

Enginn á rétt á að handtaka ykkur, setja í fangelsi eða senda nauðug úr landi, nema rökstudd ástæða liggi fyrir.

### 10. grein. Réttur til réttlátrar opinberrar málsmeðferðar:

Séuð þið sökuð um ólöglegt athæfi eigið þið rétt á réttlátri opinberri málsmeðferð.

### 11. grein. Réttur til að vera talinn saklaus þar til sekt er sönnuð:

- 1) Þið skuluð talin saklaus þar til sekt ykkar hefur verið sönnuð fyrir opinberum dómstóli.
- 2) Ykkur skal ekki refsað fyrir verknað sem ekki var talinn refsiverður þegar hann var framinn.

### 12. grein. Réttur til friðhelgi heimilis og einkalífs:

Þið eigið rétt á vernd ef einhver reynir að spilla mannorði ykkar eða fara inn á heimili ykkar, opna póstin ykkar eða valda ykkur og fjölskyldu ykkar óþægindum, nema rökstudd ástæða liggi fyrir.

### 13. grein. Réttur til ferðafrelsis:

- 1) Þið eigið rétt á að ferðast að vild innan heimalands ykkar.
- 2) Þið eigið rétt á að ferðast til annarra landa og eiga afturkvæmt til heimalands ykkar.

### 14. grein. Réttur til verndar í öðru landi:

- 1) Ef þið sætið ofsóknum eigið þið rétt á að ferðast til annars ríkis sem flóttamenn og biðja um vernd.
- 2) Þið glatið þessum rétti ef þið hafið framið alvarlegt afbrot.

### 15. grein. Réttur til ríkisfangs og frelsi til að breyta því:

- 1) Þið eigið rétt á ríkisfangi og heimalandi.
- 2) Enginn getur svipt ykkur ríkisfangi nema rökstudd ástæða liggi fyrir. Þið eigið rétt á að skipta um ríkisfang ef þið óskið þess.

### 16. grein. Réttur til að stofna til hjúskapar og fjölskyldu:

- 1) Þegar þið hafið náð lögaldri eigið þið rétt á að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu, án tillits til kynþáttar, þjóðernis eða trúarbragða. Báðir aðilar njóta sömu réttinda í hjónabandinu og einnig við skilnað.
- 2) Engum er heimilt að neyða ykkur til hjúskapar.
- 3) Fjölskyldan er frumeining þjóðfélagsins, og stjórnvöldum ber að vernda hana.



**17. grein. Réttur til að eiga eignir:**

- 1) Ykkur er heimilt að eiga eignir.
- 2) Enginn á rétt á að svipta ykkur eignum ykkar, nema rökstudd ástæða liggi fyrir.

**18. grein. Réttur til að vera frjáls hugsana sinna, sannfæringar og trúar:**

Þið njótið hugsanafrelsis og trúfrelsis. Ykkur er frjálst að ástunda trú ykkar og einnig að skipta um trú.

**19. grein. Réttur til skoðana og upplýsinga:**

Þið eigið rétt á að hafa eigin skoðanir og láta þær í ljós. Ykkur skal vera kleift að deila skoðunum ykkar með öðrum, einnig íbúum annarra landa, með hvaða hætti sem vera skal.

**20. grein. Réttur til funda- og félagsþátttöku:**

- 1) Þið eigið rétt á að taka þátt í friðsamlegum félagskap.
- 2) Enginn getur neytt ykkur til að vera í félagi.

**21. grein. Réttur til að taka þátt í stjórn lands síns og kosningum:**

- 1) Þið eigið rétt á að taka þátt í stjórn lands ykkar, beinlínis eða með því að kjósa til þess fulltrúa í frjálsum kosningum.
- 2) Þið og allir aðrir eigið rétt á að þjóna landi ykkar.
- 3) Kjósa skal stjórn með reglubundnum, óháðum og leynilegum kosningum.

**22. grein. Rétturinn til félagslegs öryggis:**

Hver þjóðfélagsþegn skal njóta félagslegs öryggis og þeirra réttinda sem honum eru nauðsynleg til þess að virðing hans og þroski fái notið sín.

**23. grein. Réttur til atvinnu og aðildar að stréttarfélagi:**

- 1) Þið eigið rétt á atvinnu að eigin vali og til hagstæðra vinnuskilyrða.
- 2) Þeir sem vinna sömu störf skulu fá sömu laun.
- 3) Ykkur ber að fá nægar tekjur til eigin framfærslu og fjölskyldu ykkar.
- 4) Allir sem stunda vinnu eiga rétt á að ganga í stéttarfélag til að hagsmuna þeirra sé gætt.

**24. grein. Réttur til hvíldar og tómstunda:**

Þið eigið rétt á að hvílast og fá frí. Vinnudagurinn skal vera hæfilega langur og ykkur ber að fá reglubundið orlof á launum.

**25. grein. Réttur til mannsæmandi lífskjara:**

- 1) Þið eigið rétt á þeim nauðsynjum sem þið og fjölskylda ykkar þarfnast til að geta átt heilbriggt og gott líf, svo sem fæði, klæðum, húsnæði, lækningshjálp og annarri félagslegri þjónustu. Þið eigið rétt á aðstoð ef þið eruð atvinnulaus eða getið ekki stundað vinnu.
- 2) Mæðrum og börnum ber að fá sérstaka umönnun og aðstoð.

**26. grein. Réttur til menntunar:**

- 1) Þið eigið rétt á skólagöngu. Grunnskólamenntun skal veitt ókeypis og skal vera skylda. Ykkur skal standa til boða starfsmenntun eða framhaldsnám ef óskað er.
- 2) Í skólanum eigið þið að þroska hæfileika ykkar og læra að sýna öðrum virðingu, án tillits til kynþáttar, trúar eða þjóðernis.
- 3) Foreldrar ykkar skulu vera með í ráðum um þá menntun sem þið fáið.

**27. grein. Réttur til þátttöku í menningarlífi:**

- 1) Þið eigið rétt á að taka þátt í menningarlífi samfélagsins og njóta lista og framfara á sviði vísinda.
- 2) Verk listamanna, rithöfunda og vísindamanna skulu njóta verndar og skulu vera þeim til hagsbóta.

**28. grein. Rétturinn til samfélagsskipulags:**

Þið eigið rétt á að lifa í heimi þar sem bæði þið og aðrir geta notið þeirra réttinda sem hér eru upp talin.

**29. grein. Skyldur við samfélagið:**

- 1) Þið getið aðeins náð fullum persónuþroska innan samfélagsins og þið hafið skyldur gagnvart samfélaginu.
- 2) Mannréttindi skulu tryggð með lögum. Þau skulu kveða á um að hver og einn sýni öðrum virðingu og njóti sjálfur virðingar.
- 3) Réttindi þessi og frelsi skulu stuðla að markmiðum og grundvallarreglum Sameinuðu þjóðanna.

**30. grein. Ekkert má koma í veg fyrir að farið sé að þessum mannréttindum:**

Enginn einstaklingur, hópur eða stjórnvöld, hvar sem er í heiminum, má aðhafast nokkuð sem gerir að engu þau réttindi sem hér hafa verið upp talin.

